

Sþ.

591. Fyrirspurnir

[169. mál]

I. Til menntamálaráðherra um undirbúning löggjafar um náttúrufríðun, verndun sögustaða o. fl.

Frá Páli Þorsteinssyni og Jóni Gíslasyni.

1. Hefur ríkisstjórnin látið undirbúa löggjöf um verndun staða, sem eru sérstaklega merkir af náttúru sinni eða sögu?
2. Hvað líður endurskoðun laga nr. 59 1913, um fríðun fugla og eggja?

II. Til ríkisstjórnarinnar um dr. Metzner og aðstoðarmann hans.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Veit ríkisstjórnin, hvar dr. Metzner og aðstoðarmaður hans, sem fengu íslenzkan ríkisborgararétt með lögum nr. 1/1949, hafa nú aðsetur? Og hafa þessir menn gert nokkuð til að aðstoða íslenzk stjórnarvöld eða aðra landsmenn í fiskiðnaðarmálum, sbr. greinargerð með frv. á þingskjali 284 á Alþingi 1948?

III. Til dómsmálaráðherra um vinnveitingaleyfi lögreglustjórans í Reykjavík.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvaða ráðstafanir hefur dómsmálaráðherra gert út af rökstuddum kvörtunum um, að lögreglustjórinn í Reykjavík hafi ekki farið eftir ákvæðum reglugerðar nr. 126/1945, um sölu og veitingar áfengis, við útgáfu vinnveitingaleyfa?

IV. Til ríkisstjórnarinnar um greiðslu á erfðafjárskatti með skuldabréfum.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvers vegna tók fyrrverandi fjármálaráðherra skuldabréf til greiðslu á erfðafjárskatti frá erfingjum eins hús árið 1948, að upphæð kr. 101 850.00, í stað þess að krefjast peningagreiðslu á skattinum eins og öðrum gjöldum til ríkissjóðs?